

Innra mat Smáraskóla 2011 - 2012



Sjálfsmatsteymi: Þorbjörg Kristánsdóttir, Hilmar Rafn Kristinson, Geir Sverrisson,

Björg Baldursdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Markmið og tilgangur matsins	5
Aðferðir og framkvæmd.....	7
Samantekt og ábendingar.....	16
Umbótaáætlun	19
Fylgiskjöl og viðaukar.....	21

Inngangur

Samkvæmt lögum frá árinu 1995 er öllum skólum skylt að gera markvissar sjálfsmatskannanir á helstu þáttum skólastarfsins. Í þessari áfangaskýrslu um sjálfsmat Smáraskóla er gerð grein fyrir sjálfsmatsaðferðum skólans frá haustinu 2011 til loka skólaársins 2012. Tilgangur með matinu er að auka skilvirkni í umbótastarfi skólans. Matið er árangursmiðað þar sem upplýsingar og niðurstöður eru nýttar til að endurskipuleggja og bæta skólastarfið. Gerðar voru nemendakannanir í 4., 6., 8. og 10. bekk í nóvember og voru spurningalistar lagðir fyrir foreldra á viðtalsdegi í febrúar. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. til 10. bekk og dreifðist sú könnun yfir skólaárið. Unnið var vel úr niðurstöðum samræmdra prófa og heildarútkoman kynnt á kennarafundi. Sjá niðurstöður í fylgiskjali 1. Niðurstaða einstakra þátta og hvers nemandar var skoðuð vel og úrbætur gerðar þar sem þörf var á. Einnig var rýnt í niðurstöður annara prófa og markvisst unnið með úrbætur, m.a. í sérkennslunni. Unnin hafa verið viðmið varðandi árangur á prófum. Lestrarpróf og skimanir eru notuð til að kanna stöðu nemenda í lestri. Starfsmannaviðtöl eru einnig grundvöllur úrbóta og fara þau fram í janúar og febrúar ár hvert.

Um skólann

Smáraskóli er heildstæður grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6 - 16 ára. Skólaárið 2011-2012 voru í skólanum 370 nemendur í 17 bekkjardeildum. Við skólann starfa 55 starfsmenn. Stjórn skólans samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra yngra stigs. Aðstoðarskólastjóri er jafnframt deildarstjóri eldra stigs. Stjórnunarteymi skólans fundar einu sinni í viku, stundum oft.

Kennarafundir/starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og oft ef þurfa þykir. Skólaráð er einnig kallað á fund stjórnenda a.m.k. 7 sinnum á hverju skólaári. Deildarfundir og teymisfundir eru hálfsmánaðarlega svo og nemendaverndarráðfundir. Eineltisteymi fundar einu sinni í mánuði og oft ef þurfa þykir. Önnur teymi sem starfandi hafa verið í vetur eru Comeniusarteymi, heilsuteymi, jafnréttisteymi, námsmatsteymi, umhverfisteymi og teymi um uppeldi til ábyrgðar. Hafa þau fundað að jafnaði einu sinni í mánuði. Sérkennarar funda reglulega. Foreldraráð skólans fundar einu sinni í mánuði með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Foreldrafélag starfar einnig við skólann.

Kennsla er virka daga frá kl. 8:10-14:30. Smáraskóli er við Dalsmára 1 í Kópavogi. Skrifstofan er opin virka daga kl. 7:50-15:45, sími 515 5900, fax 554 6093, netfang ritari@kopavogur.is og heimasíða skólans er <http://www.smaraskoli.is>. Heimasíða Smáraskóla er mikilvægur miðill til að koma upplýsingum til foreldra og annarra.

Lögð er áhersla á að hún sé lifandi og að þar birtist nýjustu fréttir af skólstarfinu. Skólinn notar vefkerfið Mentor sem gerir forráðamönnum nemenda kleift að nálgast upplýsingar um ástundun, heimanám og fleira.

Stefna, áherslur og markmið

Smáraskóli er framsækinn skóli, sem byggir á gömlum gildum. Í daglegu starfi skólans er menntun og mannrækt höfð að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru virðing, vöxtur, vizka og víðsýni. Í skólstarfinu reynir á faglegt frumkvæði, gleði, hugmyndaauðgi, sveigjanleika og velvilja. Við skólann starfa metnaðarfullir og traustir starfsmenn sem vilja að börnin í skólanum nái framúrskarandi árangri á öllum sviðum mannlífsins. Við, sem störfum hér, berum ábyrgð, höfum trú hvert á öðru og því sem við gerum. Stefnumörkun eða sýn verður ekki að leiðarljósi skóla við það eitt að vera sett á blað. Stefnan er það sem einstaklingarnir hugsa og hún verður ekki sameiginleg hópi kennara, hvað þá heilu skólasamfélagi, nema meirihlutinn sé henni samþykkur, geri hana að sinni og fylki sér um þau gildi sem hún byggir á. Þannig skapast hollusta og skuldbinding fagmanns við starf sitt. Það sem fær hann til að leggja sig varanlega fram er sú innri umbun sem veitir honum ánægjuna af því að tilheyra samfélagi fagmanna sem stefnir að sameiginlegu marki, sjá bættan árangur af starfi og sjá eigin menntasýn verða að veruleika.

Starfsáætlun Smáraskóla varðandi nám og kennslu tekur mið af því að í skólstarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og við val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu leiðirnar til að ná markmiðunum.

Nám og kennsla miðar að því að ná tilteknum markmiðum, bæði þeim sem grunnskólalög og aðalnámskrá kveða á um og þeim sem nemendur, kennarar og skólinn setja sér. Skýr markmið eru forsenda þess að nemendur taki sjálfir frumkvæði og ábyrgð á eigin námi og vinni sjálfstætt. Val á kennsluaðferðum og skipulag skólstarfs miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Við val á kennsluaðferðum er haft í huga hvernig þær falla að viðfangsefnum og þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni.

Leitast er við að kennslan taki mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með þeim námfýsi og vinnugleði. Lögð er áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum sem taka mið af mismunandi þroska og getu nemenda. Leitast er við að auka þekkingu nemenda og færni og byggja upp sem heilsteyptasta sjálfstæða

einstaklinga með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám. Áhersla er lögð á virkni nemenda í námi og að nemendum séu kennd vinnubrögð við að afla sér þekkingar.

Skólanámskrá og starfsáætlun Smáraskóla eru gefnar út og kynntar á vef skólans. Endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlun fer fram árlega og sjá starfsmenn skóla um endurskoðunina. Afmarkaðir hlutar hennar taka breytingum árlega, og gæti sú vinna tengst að hluta til innra mati á skólastarfinu, á meðan sumt breytist lítið sem ekkert. Stefnt verður að því að endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar verði lokið í ágúst ár hvert svo hægt verði að senda þær til skólaráðs, fræðsluyfirvalda og annarra er málið varðar.

Í skólanámskrár er að finna nánari lýsingu á námi og kennslu í hverjum árgangi. Skólanámskrá er unnin af starfsfólki skólans. Ákvæði um skólanámskrá er í grunnskólalögum og Aðalnámskrá grunnskóla. Skólanámskrá er skrifleg, rökstudd lýsing á því sem gert er og gera á í skólanum og þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Samvinna starfsfólks við gerð skólanámskrár er mjög mikilvægur liður í skólastarfinu. Skólanámskrá eykur líkur á að því að samfella verði í öllu námi og þar með að allt skólastarf verði árangursríkara. Hún er grunnur undir þróunarstarf og mat á skólastarfi en einnig nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla þá er starfið í skólanum varðar.

Starfsáætlun skólans er endurskoðuð árlega. Hún fjallar almennt um það starf sem fer fram innan skólans, hagnýtar upplýsingar, skólareglur, samstarf heimila og skóla, hvaða hlutverki hver og einn gegnir, helstu viðburði, ráð og nefndir og námsmat svo fátt eitt sé nefnt.

Í vetur hélt Smáraskóli áfram vinnu við verkefnið *Skólar á grænni grein* og stefnir að því að stíga skrefin sjö til bættrar umhverfisstjórnunar til að fá Grænfanan. Umhverfisteymi skólans vinnur að því að meta stöðu umhverfismála í skólanum og var horft sérstaklega til endurvinnslu og flokkunnar sem fyrsta skrefs í umhverfisbótum í skólanum.

Smáraskóli tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi grunnskólar*. Meðal markmiða heilsueflandi skóla er að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks og bæta námsárangur nemenda. Í skólanum er starfandi heilsuteymi sem stýrir þessari vinnu.

Í haust hóf Smáraskóli þátttöku í Comeniusarverkefninu „The future of the world is in our hands.“ Verkefnið snýst um að vekja athygli nemenda á umhverfismálum og orkusparnaði. Þáttökulönd eru; Ísland, Finnland, Pólland, Þýskaland, Tékkland, Ungverjaland, Lettland og Tyrkland. Nemendur vinna ýmis fjölbreytt verkefni og hafa samskipti við nemendur í hinum þáttökulöndunum. Kennarar eru í samstarfi við kennara hinna landana og hafa nú þegar verið farnar þrjár ferðir erlendis í tengslum við verkefnið og fóru tveir nemendur úr 6. bekk með í eina ferðina. Verkefnið stendur yfir til vorsins 2013 og markmið okkar er að eftir þennan tíma verði nemendur okkar meðvitaðari um umhverfismál og sameiginlega ábyrgð okkar fyrir jörðinni og auðlindum hennar. Við viljum einnig sjá að pappírsmarkun skólans minnki verulega sem og rafmagnsmarkun. Verkefnið styður við ósk skólans að öðlast Grænánann og er gott innlegg í náttúrufræðikennslu og umhverfismennt.

Umbætur frá síðustu matsskýrslu

Í síðustu matsskýrslu kom fram að leggja ætti aukna áhersla á lífsleiknikennslu í skólanum. Fenginn var einn kennari til að sjá um skipulag kennslunnar og áætlanagerð og sá hann jafnframt um lífsleiknikennslu í 7. – 10. bekk.

Í skýrslunni kom einnig fram að gera ætti skólareglur sýnilegri. Strax í haust fengu allir nemendur kynningu á reglum skólans, og voru nemendur og foreldrar beðnir um að kvitta undir þar til gert blað um að þeir höfðu kynnt sér reglur skólans. Eins var reglum komið upp í skólastofum.

[Viðbragðsáætlun Smáraskóla við einelti](#) var endurskoðuð og sett á heimasíðu skólans. Smáraskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Því leitum við allra ráða til að fyrirbyggja einelti og annað ofbeldi. Við leggjum áherslu á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Til að bæta samskipti milli nemenda var lögð áhersla á bekkjarfundi, hópefli innan bekkja og árgana auk þess sem haldið var áfram þeirri gömlu og góðu hefð að fá vinabekki til að vinna saman. Bætt voru samskipti milli starfsfólks og nemenda. Lögð var áhersla á að allir starfsmenn hlustuðu á nemendur og aðstoðuðu þá eftir fremsta megni svo nemendur finndu til öryggis og vissu um að þeir gætu leitað til allra starfsmanna skólans.

Markmið og tilgangur matsins

Í matsteymi skólans skólaárið 2011-2012 voru Björg Baldursdóttir, Geir Sverrisson, Hilmar Rafn Kristinsson og Þorbjörg Kristjánsdóttir. Teymið hittist reglulega og á fastan fundartíma en einnig var unnið á öðrum tímum eftir þörfum. Teymið vinnur að nánari útfærslu á framkvæmd kannana á haustmisseri og leggur svo þessar kannanir fyrir. Það er svo í hlutverki teymisins að safna gögnum, flokka þau og skrá. Ábendingar og úrbætur eru unnar í samvinnu við kennara og aðra starfsmenn skólans. Teymið vinnur sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið sem er að líða, vinnur kynningargögn, kynnrir fyrir kennurum, starfsmönnum og skólaráði. Þegar umræðu er lokið er áætlunin og niðurstöður kynntar á heimasíðu skólans.

Matið byggist að einhverju leyti á Skólapúlslinum (sjá fylgiskjal 3) þar sem allir nemendur frá 6. til 10. bekk svara einu sinni yfir skólaárið. Foreldrakönnun er lögð fyrir á foreldraviðtalsdögum í janúar og nemendakannanir fyrir nemendur í 1. – 5. bekk eru lagðar fyrir nemendur í tölvutímum í október (sjá fylgiskjöl og viðauka) og kennarakönnun er síðan annað hvert ár. Í framhaldi af þessum könnunum eru síðan unnin viðmið um hvaða niðurstöður við teljum vera í lagi og hverjar ekki.

Úrvinnsla niðurstaðna eru túlkaðar á tvennan hátt annað hvort í lagi eða ekki í lagi. Það fer eftir innihaldi spurningar hvaða úrvinnslu niðurstaðan fær. Viðmið í nemenda- og foreldrakönnunum eru í grófum dráttum þannig að ef 1-5% svara ekki í lagi – skólinn notar sér tölvupóst, heimasíðu og fundi til að koma ábendingum til skila. Ef fleiri en 5% svara því að einhver þáttur er ekki í lagi er gripið til sértækra aðgerða. Ekki falla allar spurningar undir þessi viðmið því að ýmsir þættir sem snúa að skólastarfinu eins og t.d. einelti þola engin frávík. Annars hefur hver spurning sitt viðmið og viðeigandi úrbætur sjá fylgiskjal 2. Metnaður skólans er sá að allar athugasemdir séu teknir alvarlega. Við skoðun á niðurstöðum úr Skólapúlslinum þá berum við okkur saman við landsmeðaltal og skóla af svipuðum nemendafjölda. Einnig hafa opnar spurningar nýst okkur vel.

Tölvukennari skólans sér um tölvuvinnuna enda búum við svo vel að hafa afar færann mann í því starfi sem hefur sparað skólanum mikið í aðkeyptri vinnu. Niðurstöður kannana eru alltaf kynntar jafn óðum fyrir skólaskrifstofu, foreldraráði, kennurum og á heimasíðu skólans. Unnið er með niðurstöður samræmdra prófa og heildarútkoman kynnt á heimasíðu skólans. En niðurstaða einstakra þátta og hvers nemandar er einnig skoðuð vel og úrbætur gerðar þar sem þörf krefur. Einnig er rýnt í niðurstöður annarra prófa og markvisst unnið með úrbætur, m.a. í sérkennslunni. Unnin hafa verið viðmið varðandi árangur á prófum. Lestrarpróf og skimanir eru

notuð til að kanna stöðu nemenda í lestri og hafa viðmið þar verið endurskoðuð nýlega og kröfur auknar. Starfsmannviðtöl eru einnig grundvöllur úrbóta og fara þau fram í janúar og febrúar ár hvert.

Í ár ákváðum við að taka út fjóra þætti og skoða nánar. Einelti er þáttur sem alltaf þarf að vera ofarlega í allri umræðu í skólastarfinu. Við vildum einnig sjá hvernig við stæðum okkur í kennslu á náttúruvísindum og hvað við gætum gert betur. Við höfðum áhuga á að skoða skólabraginn með tilliti til uppeldi til ábyrgðar og einnig vildum við kanna vinnufrið og agamál.

Við settum þessa þætti í eftirfarandi matsspurningar.

- Hvað geta nemendur og starfsfólk gert til að sporna gegn einelti?
- Hvað getum við gert til að efla áhuga nemenda á náttúrufræði?
- Vinnufriður - Hvernig getum við bætt þann þátt í skólanum?
- Hvað getum við gert til að góðan skóla enn betri?

Aðferðir og framkvæmd matsins

Gögn sem liggja til grundvallar sjálfsmatsins er aflað í formi spurningarlista á tölvutæku formi, vinnufunda þar sem vinnuhópar fjalla um afmörkuð efni og í formi einstaklingsviðtala. Einnig mynda fyrirbyggjandi gögn s.s. samræmd próf og aðrar námsniðurstöður grunn að úrvinnslu sjálfsmatsáætlunar.

Eftirfarandi atriði liggja til grundvallar matsins:

- **Skólapúlsinn;** lagður fyrir allar nemendur 6. – 10. bekkjar. Niðurstöður yfirfarnar af matsteymi jafnóðum og þær berast. Niðurstöður kynntar á kennarafundi og Skólaráðsfundi.
- **Foreldrakönnun;** spurningalisti í tölvutæku formi lagður fyrir foreldra/aðstandendur nemenda í 1.,3.,5.,7.,9. á foreldraviðtalsdegi. Niðurstöður teknar saman og birtar á heimasíðu skólans, kynntar á kennarafundi og Skólaráðsfundi. Samanburður milli ára unninn úr niðurstöðum.
- **Nemendakönnun yngri;** spurningalisti á tölvutæku formi þar sem valmöguleikar eru broskarlar. Lagt fyrir nemendur í 1. og 3. bekk á skólatíma.
- **Nemendakönnun eldri;** spurningalisti á tölvutæku formi lagður fyrir nemendur í 4., 6., 8. og 10. á skólatíma. Niðurstöður teknar saman og birtar á heimasíðu skólans, kynntar á kennarafundi og Skólaráðsfundi. Samanburður milli ára unninn úr niðurstöðum.
- **Nemendaping;** þar sem fulltrúar nemenda í 6. til 10. bekkja buðu sig fram og funduðu í hópum um fjögur afmörkuð umfjöllunarefni sem ákveðin voru af sjálfsmatsteymi út frá niðurstöðum Skólapúlsins.
- **Vinnuhópar kennara;** fjölluðu á kennarafundum um niðurstöður nemendakannana og skiluðu af sér úrbótahugmyndum. Matsteymi dró saman niðurstöður
- **Starfsmannaviðtöl;** við framkvæmd lögbundinna starfsmannaviðtala stjórnenda komu fram atriði sem hafa áhrif á starfsskipulag og úrbótaáætlun, s.s. dagatal, stundaskrár og áherslur komandi skólaárs.

Að auki eru eftirfarandi próf og kannanir lagðar fyrir í Smáraskóla

Viðmið í raddlestri að vori í Smáraskóla

1. bekkur = 45 – 60 atkv/mín
2. bekkur= 60 – 80 atkv/mín
3. bekkur= 140 atkv/mín
4. bekkur = 200 atkv/mín
5. bekkur = 220 – 300 atkv/mín
6. bekkur= 230 – 310 atkv/mín
7. – 10. Bekkur = 310 – 350 atkv/mín

Allir sem lesa yfir viðmið í árgangi teljast góðir lesarar. Hugað er að nemendum sem lesa undir viðmiði árgangs.

Sérkennarar skólans og umsjónarkennarar sameinast um hvaða kannanir og próf eru lögð fyrir nemendur og hvenær. Sérkennarar skólans, sálfræðingur og/eða aðrir sérfræðingar annast einstaklingsgreiningar eftir þörfum, t.d. í lestri, stafsetningu, stærðfræði, atferlisathugun og greindarpróf samkvæmt skriflegum beiðnum, undirskrifað af forráðamönnum og umsjónarkennara.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

1.bekkur

Hljóðfærni – lagt fyrir nemendur í áhættu hvað varðar lestrarörðugleika.

Stafakannanir, einstaklingskannanir. Sérkennari og umsjónarkennari velja hvaða könnun er lögð fyrir nemendur. T.d. Davis-stafakönnun. Umsjónarkennari leggur kannanirnar fyrir í september, janúar og maí.

Tove Krogh teikniprófið. Hugtakaskilningur, talnagildi, formskyn, fínhreyfingar, blýantsgríp, að fara eftir einföldum og síðar nokkuð flóknum fyriræmum. Um er að ræða hóppróf sem lagt er fyrir nemendur í október. Umsjónarkennari, sérkennari, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og iðjuþjálfari leggja prófið fyrir.

Læsi fyrir 1. bekk. Lesskimunarpróf sem er lagt fyrir alla nemendur í árganginum. Deildarstjóri og umsjónarkennari leggja prófið fyrir. Umsjónarkennari fer yfir prófið og sér um að forráðamenn barnanna fái upplýsingar um niðurstöður, (t.d. í viðtali

eða vitnisburði). Nemendur sem ekki hafa forsendur til að taka prófið við bekkjaraðstæður fá séraðstæður og lengri tíma hjá sérkennara. Umsjónarkennari, sérkennari og deildarstjóri skipuleggja lestrarkennsluna út frá niðurstöðum. 1. hefti lagt fyrir í nóvember, 2. hefti í febrúar og 3. hefti í apríl.

Raddlestrarpróf, Í janúar eru nemendur sem hafa náð tókum á byrjendalestri prófaðir í raddlestri. Allir nemendur árgangsins sem náð hafa tókum á lestri fara í raddlestrarpróf að vori (1. bekkur vorpróf). Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Málproskapróf, TOLD 2P (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Fjölda- og talnaskilningur. T.d. próf Eiríks Ellertssonar, einstaklingspróf eftir þörfum.

Samskiptakönnun. Lögð fyrir tvisvar á ári. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

2.bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Læsi fyrir 2. bekk. Lesskimunarpróf sem er lagt fyrir alla nemendur í árganginum. Deildarstjóri og umsjónarkennari leggja prófið fyrir. Umsjónarkennari fer yfir prófið og sér um að forráðamenn barnanna fái upplýsingar um niðurstöður, (t.d. í viðtali eða vitnisburði). Nemendur sem ekki hafa forsendur til að taka prófið við bekkjaraðstæður fá séraðstæður og lengri tíma hjá sérkennara. Umsjónarkennari, sérkennari og deildarstjóri skipuleggja lestrarkennsluna út frá niðurstöðum. 1. hefti lagt fyrir í nóvember, 2. hefti í febrúar.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 2. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Málproskapróf, TOLD 2P (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Fjölða- og talnaskilningur. T.d. próf Eiríks Ellertssonar, einstaklingspróf eftir þörfum.

Samskiptakönnun. Lögð fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

Lestrar- og lesskilningsprófin **Orðarún** eru lögð fyrir nemendum í 2., 3., 4., 5., 6. og 7. bekk tvisvar á ári.

3.bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 3. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

LH 60. Lestrarhæfnispróf. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í byrjun október. Forráðamenn nemenda sem fara í flokka C, D, E eða F fá upplýsingar um niðurstöður og fara þessir nemendur aftur í próf í apríllök.

Málproskapróf, TOLD 2P og 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Samskiptakönnun. Lögð fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

Í þriðja bekk eru nemendur einnig skimaðir í 2 þáttum í **Logos**

4. bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 4. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

LH 60. Lestrarhæfnispróf. Sérkennari endurtekur prófið í nóvember hjá nemendum sem voru með C, D, E eða F í lok apríl í 3. bekk. Einnig er prófið lagt fyrir nýja nemendur. Forráðamenn fá upplýsingar um niðurstöður.

Samræmd próf. Allir nemendur í 4. bekk fara í samræmd próf í íslensku og stærðfræði í september. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin. Allir sem tengjast nemendum í 4. bekk fara yfir niðurstöður prófanna og meta hvernig skal bregðast við árangri einstakra nemenda.

Málþroskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, Ég og skólinn eða eineltiskönnun eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

5. bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 5. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

GRP10 Stafsetning 60 orð eftir upplestri er lögð fyrir alla nemendur árgangsins í byrjun september. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og sérkennari fer yfir það. Út frá niðurstöðum er lagt mat á það hvort nemendur þurfi stuðningskennslu í stafsetningu og/eða nánari greiningu.

LH 40. Lestrarhæfnispróf. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í byrjun nóvember. Forráðamenn nemenda sem fara í flokka C, D, E eða F fá upplýsingar um niðurstöður og fara þessir nemendur aftur í próf í apríllök.

Málproskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, Ég og skólinn eða eineltiskönnun eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

6. bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 6. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt

aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Málþroskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, Ég og skólinn eða eineltiskönnun eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

7. bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 7. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Samræmd próf. Allir nemendur í 7. bekk fara í samræmd próf í íslensku og stærðfræði í september. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin. Allir sem tengjast nemendum í 7. bekk fara yfir niðurstöður prófanna og meta hvernig skal bregðast við árangri einstakra nemenda.

Málþroskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, Ég og skólinn eða eineltiskönnun eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

8. bekkur

Lestrarkannanir. Nemendur sem enn lesa undir viðmiði árgangsins halda áfram lestrarvinnu undir handleiðslu sérkennara árgangsins. Þeir skulu jafnframt raddlestrarprófaðir a.m.k. tvisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri er lagt fyrir þá sem víkja frá í stafsetningu. Velja skal árgangapróf (2. – 7. bekkur) eftir aðstæðum nemandans. Sérkennari leggur prófið fyrir í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, s.s. eineltiskönnun, eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Greinandi próf í stærðfræði eru lögð fyrir nemendur eftir þörfum, ýmist af stærðfræðikennara eða sérkennara. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf.

9. bekkur

GRP14h Greinandi ritmálspróf í lestri og stafsetningu. Hljóðlestrar-, lesskilnings- og stafsetningarpróf er yfirlétt lagt fyrir alla nemendur árgangsins að hausti. Sérkennari leggur prófið fyrir. Prófunum er ætlað að leita að nemendum með umskráningarerfiðleika. Prófið gefur vísbendingu um færni nemenda.

Umsjónarkennari og fagkennari fá skriflegar upplýsingar um stöðu nemenda. Út frá niðurstöðum er tekin ákvörðun um hvort eigi að vísa nemanda í nánari greiningu. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að forráðamenn fái upplýsingar.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, s.s. eineltiskönnun, eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

10. bekkur

Samræmd próf. Allir nemendur í 10. bekk fara í samræmd próf í a.m.k. íslensku, stærðfræði og ensku í september. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin. Allir sem tengjast nemendum í 10. bekk fara yfir niðurstöður prófanna og meta hvernig skal bregðast við árangri einstakra nemenda.

Viðhorfskannanir, svo sem áhugasviðskönnun, tengslakönnun, eineltiskönnun o.fl. eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Samantekt og ábendingar

Eins og áður hefur komið fram þá var lagt upp með fjórar matsspurningar sem teyminu þótti þörf á að skoða í tengslum við innra mat skólans. Þetta var unnið á nemendafingi, Skólapúlsinum og í vinnu kennara í vetur. Hér á eftir er samantekt niðurstaðna og ábendingar um þá þætti sem við vorum að meta.

Matsþáttur 1

Hvað geta nemendur og starfsfólk gert til að sporna gegn einelti?

Í vetur sem og alla aðra vetur í skólastarfi þarf alltaf að hafa í huga að vera gagnrýnin á allt í skólastarfinu með einelti og líðan nemenda að leiðarljósi. Við viljum vinna í skóla þar sem **einelti** þrífst ekki og var þessi matsþáttur því efstur á lista hjá okkur. Við stefnum að og sættum okkur ekki við neitt annað en 100% árangur s.s. ekkert einelti á að líðast í Smáraskóla.

Samkvæmt Skólapúlsinum er einelti í Smáraskóla örlítið minna en í meðaltali úr öðrum skólum á landinu sem Skólapúslinn mælir af sömu stærð (sjá fylgiskjal 3a). Munurinn var ekki marktækur þar sem hann er mjög lítill. Við teljum okkur hafa náð einhverjum árangri þó orðatiltækið, „betur má ef duga skal“ eigi vel við.

Nemendur á nemendafingi komu með nokkrar góðar hugmyndir um hvernig hægt væri að sporna gegn þessu s.s. að heilsa þeim nemendum sem verða útundan, að vera góð hvort við annað o.s.frv. Þeim fannst einnig að kennarar gætu tekið harðar á einelti og þyrftu stundum að hafa betri stjórn á bekknum/hópnum sínum. Kennarar töldu sig geta bætt það að hlusta betur á nemendur og gefa þeim meiri tíma. Í samfélagi manna virðist ekkert koma í veg fyrir samskiptaárekstra af ýmsu tagi en með samstillingu heimila og skóla teljum við okkur geta lágmarkað það að einelti þrífist í skólanum. Uppeldi til ábyrgðar stuðlar að betri samskiptum og líðan nemenda í skólanum og er nú þegar búið að leggja grunn að næstu skrefum í innleiðingu stefnunnar í Smáraskóla. Í byrjun næsta skólaárs fáum við erlendan fyrirlesara til að uppfæra okkur enn frekar um innleiðingu stefnunnar. Nú í vor var m.a. farið í námsferð til Vestmannaeyja þar sem Grunnskóli Vestmannaeyja var heimsóttur og skoðað hvernig Uppeldi til ábyrgðar er útfært hjá þeim.

Matsþáttur 2

Hvað getum við gert til að efla áhuga nemenda á náttúrufræði?

Samkvæmt Skólapúlsinum mælumst við í meðallagi í þættinum persónulegt gildi náttúruvísinda en ákveðið var að kanna hvernig við gætum gert enn betur. En til glöggvunar þá er þessi þáttur mældur með eftirfarandi spurningum.

- Sum hugtök í náttúruvísindum hjálpa mér að skilja hvernig ég tengist öðru fólki.
- Ég á eftir að nýta náttúruvísindi á margan hátt þegar ég er fullorðin(n).
- Náttúruvísindi höfða mikið til mín.
- Mér finnst náttúruvísindi auðvelda mér að skilja margt í umhverfi mínu.
- Þegar ég lýk námi á ég eftir að fá mörg tækifæri til að nýta náttúruvísindi.

Samkvæmt niðurstöðum nemendapings eru nemendur áhugasamir um að fá meiri verklega kennslu í náttúrufræði, efla útikennslu, fá einn sérmenntaðan kennara til að sjá um kennsluna, glósa minna og kryfja dýr. Hvernig umbótum verður háttáð næsta skólaár kemur fram í næsta kafla áfangaskýrslunnar.

Matsþáttur 3.

Vinnufriður – hvernig getum við bætt þann þátt í skólanum?

Hvernig er hægt að auka vinnufrið í bekkjunum. Í niðurstöðum úr Skólapúlsinum kemur fram að Smáraskóli mælist með töluvert hærra gildi í matsþættinum agi í tímum. En það er einn af þeim þáttum sem endurspeglar vel þann vinnuanda sem ríkir í skólanum. Það virðist því vera að skólinn standi vel að vígi hvað þetta varðar miðað við aðra skóla af sömu stærð hér á landi. Agi er mikilvæg forsenda fyrir virkni og árangursríkri tímastjórnun og nýtingu á kennslutímanum. Ákveðið var samt að vinna með þennan þátt í vetur og lögðum við því fyrir nemendur og kennara spurningar um þetta. Niðurstöður frá nemendum voru sumar skemmtilegar þar sem þeir lögðu til dæmis til að nemendur hlýddu betur kennurum sínum, hefðu meiri þögn í tímum og að kennarar þyrftu að nota betur Mentor til að aga nemendur s.s. gefa fleiri punkta. Matsspurningunni er ekki hægt að svara með einföldum hætti en niðurstöður nemendakönnunar gefa okkur ýmislegt að moða úr. Umræða og meðvitund kennara um skólareglur og framfylgni á þeim hjálpar til við að auka vinnufrið.

Matsþáttur 4

Hvað getum við gert til að góðan skóla enn betri?

Þessi þáttur lýtur að góðum skólabrag, jákvæðum samskiptum og kennslu. Ljóst er að ekki er auðvelt að leggja mat á þennan þátt á einfaldan hátt en vissulega geta

niðurstöður Skólapúlsins hjálpað þar. Í lokaskýrslu Skólapúlsins kemur fram að við getum vel bætt okkur í Smáraskóla hvað varðar tengsl kennara við nemendur, nemendalýðræði má einnig bæta og nemendum finnst þá skorta upp á þjálfun og vettvang til kappræðna. Nemendur komu einnig með hugmyndir að betri skólabrag s.s. að fá iPad í stað kennslubóka, að þrifa salernin betur, að bæta matarkostinn, sumir vildu fá oftari að kaupa snúða í nemendasjoppunni. Markmiðin eru háleit og viljum við ná fram því besta sem við getum. Í vetur buðum við upp á ávexti í nemendasjoppunni og einnig hófum við þann sið að bjóða nemendum upp á heitan hafragraut á morgnanna sem mæltist mjög vel fyrir og verður framhald á því verkefni og við teljum það hafa haft mjög góð áhrif á skólabraginn.

Umbótaáætlun

Tillögur að umbótum og áætlun um hvernig á að vinna að þeim.

Einelti – Starfsfólk skólans hvatt til að vera sýnilegt á skólalóðinni sem og innan skólans og hafa í huga að allir nemendur á öllum stigum skólans koma þeim við. Tengslakannanir lagðar fyrir nemendur í upphafi og lok í skólaársins.

Náttúruvísindi - Einn kennari sem heldur utan um náttúrufræðikennslu.

Faggreinakennsla niður á miðstig. Breytt kennslufyrirkomulag á unglíngastigi. Boðið upp á náttúrufræðilínu og náttúrufræði val. Lögð áhersla á verklega kennslu. Endurnýjun á tækjum og tólum í náttúrufræðistofu.

Skólabragur – Skólareglur sýnilegar inni í hverri skólastofu, áfram verði boðið upp á hafragraut á morgnanna, ávextir seldir í nemendasjoppu, haldið áfram með ferðaverkefni, fjölgreindaleika, félagsmiðstöðin komin í sama húsnæði og skólinn og þar að leiðandi meira samstarf milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Sótt um styrk hjá endurmenntunarsjóð grunnskóla og forsendum bættis skólabrags.

Agi og vinnufriður - Aukinn kraftur í uppeldi til ábyrgðar. Verkefni sýnileg. Meira aðhald fyrir kennara að fylgja eftir vinnuáætlun. Nemendur fá tækifæri til að meta kennslu og kennsluhætti.

Áætlun um hvenær umbæturnar koma til framkvæmda og hver er ábyrgur fyrir þeim.

Einelti – Nemendaverndaráð og eineltisteymi funda reglulega um málefni einstakra nemenda. Umsjónakennarar eru ábyrgir fyrir því að leggja fyrir tengslakönnun og fylgja eftir niðurstöðum úr þeim – bera undir deildarstjóra.

Náttúruvísindi – Undirbúningur þegar hafinn. Nýtt kennslufyrirkomulag tekið í notkun strax í haust. Deildastjóri eldra stigs í samvinnu við kennara ábyrgur fyrir umbótum.

Skólabragur – Á ábyrgð stjórnenda. Tekið upp reglulega á starfsmannafundum. Byrjað á einstaklingsviðtölum við nemendur strax í byrjun skólaársins. Haldið verður áfram að bjóða hafragraut á morgnanna og ávexti í nemendasjoppunni.

Agi og vinnufriður – Uppeldi til ábyrgðarteymið sér um að fylgja eftir vinnuáætlun og sjá til þess að kennarar og starfsfólk skólans vinna samkvæmt stefnu hugmyndafræðinnar. Deildarstjórar sjá til þess að kennarar leggja kennslumat fyrir nemendur.

Áætlun um hvort og hvenær umbætur verða endurmetnar.

Einelti - Umbætur metnar í könnunum

Náttúruvísindi – Umbætur metnar í könnunum

Skólabragur – Umbætur metnar í könnunum

Agi og vinnufriður – Umbætur metnar í könnunum

Tillögur að nauðsynlegri sí- og endurmenntun kennara.

Einelti – Eineltisráð heldur kynningu að hausti til upprifjunar um mikilvægi þess að vera vakandi í öllu sem viðkemur einelti og rifjar upp eineltisáætlun skólans. Allir kennarar fá bækling í hendurnar í upphafi skólaárs.

Náttúruvísindi – Umsjónarmaður náttúrufræðikennslu hefur hug á að bæta við sig menntun á sviði efna- og eðlisfræðikennslu.

Skólabragur – Kennurum gefst kostur á að sækja námskeiðið Góður skólabragur – jákvæð samskipti þar sem Charlot Cassar og Csilla Hos sérfræðingar menntastefna Evrópuráðsins fræða kennara um góðan skólabrag.

Agi og vinnufriður–Cindy Brown fyrirlesturinn Uppbyggingarstefnan II í samvinnu Kársnesskóla – allir kennarar taka þátt í þeirri fræðslu í ágúst 2012.